

## Nokkur atriði sem gott er að vita

- Leikskólinn er opinn frá 7.30 – 17.30
- Fjöldi barna er fimmtíu og átta samtímis, getur þó verið aðeins breytilegt.
- Mikilvægt er að tilkynna forföll eða fjarveru barnanna.
- Mikilvægt er að foreldrar tilkynni til okkar ný og breytt símanúmer
- Mikilvægt er að virða umsaminn dvalarsamning m.a. vegna skipulagningar á starfsmannahaldi og öllu innra starfi.
- Starfólki er óheimilt að gefa börnunum lyf, því skal haga lyfjagjöf þannig að þau sé gefin heima.
- **Börnin þurfa að hafa með sér aukaföt í leikskólann og föt til útivistar.**  
Öll börn fá sitt hólfi í leikskólanum. Það þarf að tæma hólfin á föstudögum, þá eru þau þrifuð. Nauðsýnlegt er að börnin hafi útiföt sem henta veðri, veðrið á Íslandi er ansi fjölbreytilegt. Það eru vinsamleg tilmæli til foreldra að gæta þess að öll föt sem börnin þurfa séu í leikskólanum. Gott er að fara yfir föt barnsins á hverjum degi, taka það sem er skítugt og setja hreint í staðinn. Einnig að taka upp úr töskunum á morgnanna þau föt sem barnið á að vera í útivist, vettlinga, sokka, peysu, og húfu og setja upp í hólfið.  
**Það sem börnin þurfa að hafa með sér í leikskólann er: aukaföt, þ.e. nærföt, sokkar, sokkabuxur, buxur og peysu, hlýja peysu, húfu og vettlinga, ullarsokka, úlpu, regngalla, kuldagalla, skó, stigvél og inniskó.**
- Leikskólar Reykjavíkur miða við að einstaklingur sem kemur með og sækir barn í leikskólann sé sjálfur orðinn tólf ára
- Fjöldi starfsmanna eru nítján með fjölbreytta menntun og reynslu
- Leikskólinn er lokaður vegna skipulags- og námskeiðsdaga fjóra daga á ári, þeir koma fram í ársáætlun leikskólans og eru auglýstir með góðum fyrirvara
- Haldinn er foreldrafundur að vori fyrir foreldra nýrra barna. Tilgangurinn er að kynna helstu áhersluþætti í uppeldisstarfi Seljakots og ganga frá dvalarsamningum.
- Að hausti er haldinn foreldarafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt og tækifæri gefst til umræðna.

- Við upphafi leikskóladvalarar eru foreldrar boðaðir í viðtal, þar sem gagnkvæm miðlun upplýsinga á sér staðs.s. um hagi og þroska barnsins og starf leikskólans.
- Á vorönn eru allri foreldrar boðaðir í viðtal til að ræða þroska og líðan barnsins
- Foreldrar geta óskað eftir viðtölum eftir þörfum, eins boða deildarstjórar í viðtal ef þurfa þykir.
- Foreldrafélag er starfandi í Seljakoti. Foreldrar greiða í foreldrafélagið sem stendur fyrir og kostar ýmsa menningarviðburði sem börnin taka þátt í.
- Það er mikilvægt fyrir börnin og heilsu okkar að bílar séu ekki skildir eftir í lausangangi á meðan komið er með börnin og þau sótt.
- Að öllu jöfnu er leikskólinn lokaður tvær vikur að sumri. Lokunartími leikskólans er ákveðinn að undangenginni skoðunarkönnun meðal foreldra. Megin reglan er að börnin taki fjórar vikur samfellt frí í tengslum við lokunartíma leikskólans.
- Við hvetjum alla foreldra til að lesa skólanámskránnu okkar, þar getið þið kynnt ykkur allar þær áherslur sem við leggjum upp með í uppeldisstafi Seljakots.